

ráða úrslitum, eðlislög tilverunnar sjálfrar er krefja jafnra framfara. Orþodoxian, eða íhaldsenin, verður þá altaf takmörkuð innan vissra tímabila, og frá einum tíma til annars verður hún altaf að þoka til, þokast áfram um skeið, til þess, að minnsta kosti, að geta verið í höggstöðu við þá, sem fram úr keppa.

Það er einnig óljós binding um sigurleysi þesaarar baráttu vitnisburður Orþodxu kyrkjunnar um sjálfa sig. „Kyrkjan hér í heimi er stríðskyrkja; því að hún mætir sífelt margfaldri mótsstöðu og ofsókn í heimi þessum, en við enda veraldar verður hún sigurkyrkja: því að allri baráttu hennar verður þá lokið.“ Við enda veraldarinnar, þegar allir eru dauðir, verður hún sigurkyrkja. Þegar mannkynið verður ekki lengur til og öll fram-sókn horfin, þá sigrar íhaldsemin í baráttunni að veita allri framför viðnám. Er það ekki einhver rödd neðan úr djúpi mannlegrar meðvitundar, er talar þessum orðum í barnslegusakleysi, óvitandi að með þeim orðum er uppkveðinn áfellingardómur á kyrkjuna.

Auk þess, að rétttrúnaðurinn telur aldurinn kenningum sínum til gildis, eiga þær að vera allsherjar, almennar, „katólskar“ meðal allra, er upp við þá stefnu hafa tekið. Allir þýða þær eins, hugsa út frá þeim á sama hátt, og er það sönnun þess að þær eiga æðri en mannlegann uppruna. Þannig telur kyrkjan að öll sín helgu rit flytji sömu kenningar, viðvíkjandi þeim þremur höfuð atriðum trúarinnar: mannum, heiminum og guði. Jafnvel útlegging allra þessara rita á önnur mál, stjórnað af æðra krafti, svo aldrei er vikið hársbreidd út frá uppruna-legri meiningu. Þessi æðri kraftur, er ræður ritun, orðalagi og kenningu þeirra, er Andi Guðs, eða Heilagur Andi. Í raun rétttri eiga öll hennar boð og bönn að vera sótt út fyrir mannheiminn sjálfan, til guðs er ríkir á himnum.

Að alt þetta, er kyrkjan tileinkar sér, styðst við trúspeki en ekki sögu hefir marg oft verið sýnt, og að strax á fyrstu dögum hennar átti ekkert slíkt sér stað eins og sameiginlegar skoðanir á öllum megin atriðum trúarinnar. Að því vildum vér færa nokkur rök. Í fáum orðum sagt: Að „Conformity“ játningin, er kyrkjan hefir til einkað sér, hefir jafnan verið hugarburður,